



## MÁLEFNASAMNINGUR

L-LISTINN – SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR – MIÐFLOKKUR

2022-2026

---

Á Akureyri tvinnast saman á einstakan hátt uppbygging, sjálfbærni og fjölskylduvænt umhverfi. Nýtum þann meðbyr sem nú blæs og byggjum bæinn okkar upp með metnað og fagmennsku að leiðarljósi, með því að stórauka lóðaframboð og bjóða nýja íbúa hjartanlega velkomna. Ráðumst í markaðsáttak á íbúa- og fyrirtækjamarkaði og vinnum að því að koma upp aðstöðu fyrir störf án staðsetningar, í samstarfi við einkaaðila og ríkið og leggjum áfram mikla áherslu á flutning opinberra starfa til Akureyrar. Tökum næstu skref við að móta framtíðarsýn fyrir svæðisborgina Akureyri og það mikilvæga hlutverk og ábyrgð sem okkur er ætlað að bera.

Nýtum niðurstöður greiningar á samkeppnishæfni Akureyrarbæjar gagnvart öðrum sveitarfélögum á atvinnumarkaði, til þess að efla nýsköpun og stuðlum að auknu samstarfi háskóla, stofnana, frumkvöðla og fyrirtækja á svæðinu. Höldum áfram að vinna markvisst að því að gera Akureyri að spennandi áfangastað í samvinnu við ferðaþjónustuaðila og nýta þau tækifæri sem orðið hafa til með nýjum ferðaþjónustuaðilum og fjárfestum. Þetta snýr m.a. að eflingu á starfsemi Hlíðarfjalls sem heilsársáfangastaðar.

Aukinni uppbyggingu fylgja auknar tekjur og þær viljum við nýta til þess að veita íbúum sveitarfélagsins betri þjónustu. Meirihluti L-listans, Sjálfstæðis- og Miðflokks mun hafa aukna velferð, verðmætasköpun og bætt lífskjör fyrir alla íbúa sveitarfélagsins að leiðarljósi.

## Börnin okkar

Styðjum áfram við það öfluga og framsækna starf sem unnið er í leik- og grunnskólum bæjarins. Lögð verður áhersla á að vinna markvisst að endurnýjun á viðurkenningu UNICEF vegna Barnvæns sveitarfélags og rík áhersla lögð á að skoða möguleikana á að stoðþjónusta leik- og grunnskóla færist í auknum mæli inn í skólana sjálfa og þar með tryggja að nemendur fái viðeigandi þjónustu sérfræðinga. Vinna að innleiðingu farsældarlaga barna í takt við ríkið og áfram verður áhersla lögð á að standa vel að móttöku barna með íslensku sem annað tungumál.

Bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla verður brúað með fjölbreyttum leiðum og dregið úr kostnaðarþátttöku foreldra og forráðamanna í leik- og grunnskólum. Frístundastyrkur barna verður hækkaður á kjörtímabilinu og unnið að því að fjölga þeim sem nýta styrkinn. Þá verður lögð áhersla á að vinna enn frekar að samfelli í skóla- og frístundastarfi og leitað leiða til þess að koma á frístundavagni.

## Virk efri ár

Mikilvægt er að huga vel að eldra fólkinu okkar. Virkni á efri árum er ekki sjálfsgöð en samfélagið getur hlúð að fólkinu og skapað umhverfi sem stuðlar að meiri gleði eftir starfslok. Lögð verður áhersla á heilsueflingu og að tryggja gott aðgengi og fjölbreytt val á hreyfingu og tólmstundum. Komið verður á laggirnar lýðheilsustyrk fyrir tekjulágt og eignamínna eldra fólk og verð á hádegismat í félagsmiðstöðvum endurskoðað.

Áhersla verður lögð á að ljúka við fyrstu aðgerðaáætlun í málefnum eldra fólks og hefja undirbúning að næstu, sem mun fela í sér áherslur á húsnæðismál, samgöngur og samþættingu þjónustu. Leita þarf leiða til þess að bæta húsakost félagsmiðstöðva í samvinnu við notendur.

## Í sátt við umhverfið

Við ætlum að taka örugg „græn skref“ þannig að Akureyrarbær verði áfram í forystu í flokkun, endurvinnslu og nýtingu á úrgangi. Það gerum við m.a. með því að innleiða metnaðarfulla umhverfis- og loftslagsstefnu með fjármagnaðri aðgerðaáætlun, þannig að íbúar geti lifað hér í sátt við umhverfi sitt. Stutt verður með markvissum hætti við orkuskipti í samgöngum og unnið áfram að því að auðvelda vistvænan samgöngumáta, með lagningu hjóla- og göngustíga.

Hálkuvarnir á Akureyri verða teknar til endurskoðunar með það að markmiði að dregið verði úr svifryksmengun og salt- og sandnotkun. Unnið verður áfram að orkuskiptum í Grímsey og við viljum að farin verði sú leið að „Græni trefillinn“ verði nýttur sem vettvangur fyrir einkaaðila, fyrirtæki og stofnanir til þess að kolefnisjafna starfsemi sína. Við viljum í samvinnu við fyrirtæki og einstaklinga viðhalda snyrtilegum og fallegum bæ og vinna gegn uppsöfnun á rusli sem ljóst er að þarf að farga.

## Velferð og vellíðan íbúa

Við ætlum að flýta uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk eins og kostur er og vinna jafnt og þétt á biðlistum. Við teljum að gjöld, afslættir og styrkir þurfi að taka mið af félagslegum og fjárhagslegum aðstæðum fólks. Við viljum að Akureyri verði leiðandi í lausnum á sviði velferðartækni, notendum þjónustunnar til hagsbóta. Unnið verður að framgangi málefna er varða mannréttindi, jafnrétti, fjölmenningu og íbúalýðræði.

Við höfnum hvers konar mismunun á fólki. Við viljum sveitarfélag þar sem íbúar eru jafnir án tillits til kyns, þjóðernis, trúar, aldurs, fötlunar, fjárhags eða annarrar stöðu. Við viljum samfélag sem leggur áherslu á fjölbreytileika og gefur rými fyrir alla.

## Íþróttir og tómstundir

Megináhersla verður lögð á lýðheilsu almennings og fjölbreytt tómstundastarf í samvinnu við íþróttafélög og félagasamtök. Við munum endurskoða forgangsriðun á uppbyggingu íþróttamannvirkja í samstarfi við íþróttafélögin og ljúka þeirri uppbyggingu sem hafin er svo sómi sé af. Unnin verður ný íþrótt- og lýðheilsustefna með áherslu á börn og ungmenni, afreksstarf, lýðheilsu og eldra fólk.

Við viljum taka upp formlegar viðræður við stjórnvöld um nýjan samning um uppbyggingu á aðstöðu fyrir vetraríþróttir og rekstur Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands á Akureyri. Glerárlaug verður opin fyrir almenning líkt og áður.

## Þak yfir höfuðið

Áhersla verður lögð á að auka öryggi fjölskyldna í húsnæðismálum með því að stuðla að fjölbreyttu framboði íbúðarhúsnæðis, hvort sem um er að ræða félagslegt leiguhúsnæði, leiguhúsnæði í samvinnu við óhagnaðardröfn leigufélög eða húsnæði á almennum markaði.

Við ætlum að stuðla að aukinni fjölbreytni í búsetukostum þar sem eldra fólk, fötluðu fólk og fyrstu kaupendum verður tryggt húsnæði við hæfi.

## Samspil fólks og umhverfis

Við viljum að skipulag Akureyrarbæjar verði unnið á vandaðan hátt með það að leiðarljósi að umhverfi okkar sé mannvænt og áhersla lögð á að hlusta á þarfir og væntingar bæði íbúa og atvinnulífs. Í ljósi mikillar eftirspurnar verður settur kraftur í skipulagsvinnu með það að markmiði að fjölga lóðum til úthlutunar. Lóðaúthlutanir og skipulagsmál verða unnin í gagnsæju ferli.

Sérstaklega verður horft til uppbyggingar á tjaldsvæðisreitnum við Þórunnarstræti, á Oddeyrinni og farið verður í hugmyndasamkeppni um uppbyggingu á Akureyrarvelli. Þá verði uppbyggingu Móahverfis flýtt eins og kostur er og einnig verður horft til nýrra hverfa.

Sérstaklega verði hugað að samgöngumálum og vistvænum ferðakostum í Hrísey og Grímsey í samvinnu við ríkið.

Farið verður yfir fyrirkomulag gjaldskyldu á bílastæðum í miðbænum og það endurmetið.

## Fjölbreytt og lifandi menningarlíf

Áfram verði tryggð fjölbreytt og öflug menningarstarfsemi á Akureyri með stuðningi við grasrótastarf og atvinnuskapandi menningarlíf. Unnið verður í samræmi við nýsamþykktu Safnastefnu Akureyrarbæjar og aðgerðaráætlun henni fylgjandi kostnaðargreind. Stuðningur við menningartengda starfsemi í sveitarfélaginu og hlúð að starfsemi Menningarfélags Akureyrar sem hefur Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Leikfélag Akureyrar, SinfóniuNord og menningarhúsið Hof undir sama hatti. Við leggjum ríka áherslu á stuðning við að listnám á háskólastigi verði í boði á Akureyri og að næstu skref verði tekin í því máli. Unnið verði í samræmi við samþykkt um listskreytingar og listaverkakaup. Menningar- og listastarfsemi verði áfram mikilvægt aðdráttarfl fyrir íbúa og gesti Akureyrarbæjar.

## Sjálfbær rekstur

Öguð fjármálastjórn er forsenda þess að allt annað geti blómstrað. Við leggjum áherslu á trausta og ábyrga fjármálastjórn sem er grunnforsenda þess að rekstur sveitarfélagsins verði tryggður til framtíðar. Við leggjum áherslu á vandaða áætlanagerð og eftirfylgni þannig að rammi fjárhagsáætlunar hvers árs verði virtur. Stefnum markvisst á sjálfbæran rekstur sveitarfélagsins. Leitum leiða til þess að lækka álögur á bæjarbúa og horfum sérstaklega til gjalda sem hafa hækkað vegna utanaðkomandi þátta.

Við erum framsýn og viljum bæta þjónustuna og nýta fjármuni betur með auknum stafrænum lausnum, bæta nýtingu mannvirkja í eigu sveitarfélagsins og hefja framkvæmdir sem draga úr rekstrarkostnaði til framtíðar.

**Akureyri 1. júní 2022**

**f.h L-listans**

---

Gunnar Líndal Sigurðsson

---

Hulda Elma Eysteinsdóttir

---

Halla Björk Reynisdóttir

**f.h. Sjálfstæðisflokksins**

---

Heimir Örn Árnason

---

Lára Halldóra Eiríksdóttir

**f.h. Miðflokksins**

---

Hlynur Jóhannsson